Hestamannafélagið Borgfirðingur

Aðalfundur 12. Nóvember 12026 – Fundargerð

1. **Fundarsetning**

Kristján Gíslason formaður setti fund kl. 20:00 og bauð fundarmenn velkoma til fundar, en fundinn sátu 39 manns. Gerði hann að tillögu sinni að Jón Eyjólfsson yrði fundarstjóri – var það samþykkt. Gerði einnig tillögu um að Þórdís Fjeldsteð tæki við fundarritun í forföllum ritara félagsins.

2. **Kjör starfsmanna fundarins**

Formaður gerði að tillögu sinni að Jón Eyjólfsson yrði fundarstjóri – var það samþykkt. Gerði einnig tillögu um að Þórdís Fjeldsteð tæki við fundarritun í forföllum ritara félagsins. Var það samþykkt.

Tók fundarstjóri því næst við stjórn fundarins og var gengið til dagskrár.

3. **Skýrsla stjórnar**

Formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni starfsársins sem er að líða. Skýrsluna í heild sinni er að finna hér.

4. **Reikningar**

Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins, skoðaða og áritaða af skoðunarmönnum félagsins. Fer hann yfir helstu niðurstöður þeirra. Tekjur starfsársins eru

5. **Skýrslur nefnda:**

    1. **Reiðveganefnd –** Kristján Gíslason kynnir skýrslu reiðveganefndar í forföllum formanns, Sveinbjörns Eyjólfssonar. Skýrsla reiðveganefndar.

    2. **Æskulýðsnefnd –** Heiða Dís Fjeldsteð fer yfir störf æskulýðsnefndar á starfsárinu. Skýrsla æskulýðsnefndar

    3. **Reiðhallarnefnd –** Guðjón Jónasson formaður reiðhallarnefndar fer yfir störf nefndarinnar á árinu og eins það sem framundan er í Faxaborg. Helstu framkvæmdir framundan er fyrirhuguð bygging anddyris og viðhald gólfsins.

6. **Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og skýrslur nefnda, ásamt afgreiðslu á ársreikningum.**

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Guðrún Fjeldsteð spurði um reiðveg milli Brennistaða og hesthúsahverfis í Borgarnesi og nauðsyn þess að setja undirgöng undir veginn við Brennistaði. Halldór Sigurðsson svaraði fyrir reiðvegamálin. Búið að bera ofan í vegi út frá hesthúsahverfinu í Borgarnesi og eru þeir nú í fínu standi. Unnið er því að halda áfram með veginn frá Brennistöðum upp að Gufuá en verkið hefur legið niðri í töluverðan tíma. Vegagerðin mun leggja

reiðveg í gegn um Kleifarnar í landi Síðumúla að Kljáfossi. Spurt var um útistandandi gjöld, félaga – og beitargjöld. Gjaldkeri fór yfir það – engin félagsgjöld útistandandi.

7. **Kynning á inngöngu nýrra félaga og úrsögnum félagsmanna**

Kristján Gíslason kynnti nöfn þeirra sem gengið hafa í félagið frá síðasta aðalfundi. Eru það 14 nýir félagar og einn gekk í félagið á fundinum. Samtals 15 nýir félagar. Eins voru kynnt nöfn þeirra sem sagt hafa sig úr félaginu eða verið felldir á brott af öðrum ástæðum s.s. ógreiddum félagsgjöldum í tvö ár eða meira. 29 félagar hafa verið teknir af félagaskrá sökum þessa. Voru nýjir félagar boðnir velkomnir og þeim sem hverfa á braut þökkuð vera þeirra í félaginu.

8. **Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum

9. **Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna og nefnda.**

Gengið var til kosninga til stjórnar:

Fundarstjóri bar upp tillögu um formann til eins árs. Tillaga var um að Heiða Dís Fjeldsteð yrði kjörinn formaður og þar sem ekki voru mótframboð var hún kjörin með lófataki.

Þá var gengið til kosninga um þrjá stjórnarmenn – Þorsteinn Oddur Hjaltason á eftir eitt ár af sínum kjörtíma og því ekki kosið um hann.

Tillaga var um Randi Holaker til tveggja ára, Elisabeth Ýr Egilsdóttur til tveggja ára og Valdimar Reynisson til eins árs. Samþykkt samhljóða.

Varamenn

Lögð fram tillaga um þrjá varamenn í stjórn til eins árs

Þórdís Fjeldsteð
Sigríður Ása Guðmundsdóttir
Inga Berta Bergsdóttir
Samþykkt samhljóða

Lögð fram tillaga um skoðunarmenn og vara skoðunarmenn reikninga

Skoðunarmenn
Jón Haraldsson
Helgi Helgason

Varaskoðunarmenn
Rósa Björk
Haukur Þór Hauksson

Kjör í nefndir félagsins

Æskulýðsnefnd
Heiða Dís Fjeldsteð formaður
Harpa Sigríður Magnúsdóttir,
Gru Jorunn Hansen
Katrín Einarsdóttir

Mótanefnd
Iðunn Silja Svansdóttir formaður
Arna Hrönn Ámundadóttir
Oddur Björn Jóhannsson
Valdimar Reynisson

Laganefnd
Rósa Björk Jónsdóttir
Sigurður Oddur Ragnarsson,
Gíslína Jensdóttir.

Reiðveganefnd
Sveinbjörn Eyjólfsson formaður
Davíð Sigurðsson
Reynir Magnússon
Kolbeinn Magnússon
Halldór Sigurðsson

Umhverfis- og vallanefnd
Valdimar Reynisson formaður
Steinunn Árnadóttir

Beitarnefnd
Ólafur Þorgeirsson formaður
Sævar Þórisson
Sigurður Örn Sigurðsson

Húsnefnd
Anna Lísa Hilmarsdóttir formaður
Jórunn Magnúsdóttir,
Alda Björnsdóttir
Anna Helgadóttir

Skemmtinefnd
Katrín Einarsdóttir formaður
Ásdís Halldórsdóttir

Fræðslunefnd
Þórdís Fjeldsteð formaður
Mimmi Östlund
Kristján Þ. Gíslason

Reiðhallarnefnd
Guðjón Jónasson formaður
Halldór Ingi Jónsson
Ingvar Þór Jóhannsson
Sævar Hafsteinsson

10. **Ákvörðun um félagsgjöld og hagagjöld**

Fráfarandi formaður bar upp tillögu stjórnar um félagsgjöld. Var tillagan um að félagsgjöld yrðu óbreytt, kr. 18.000.- á gjaldskyldan félagsmann. Var það samþykkt samhljóða.

Þá var borin upp tillaga um beitargjöld svohljóðandi; Sumarbeit 6.000.- kr. Pr. hest. Haustbeit 4.000.- kr. Pr, hest. Sumar – og haustbeit 9.500.- kr. pr. hest. Töluverðar umræður sköpuðust um þessa tillögu. Þótti hækkun nokkuð mikil í prósentum talið en á það var bent að gjaldið hefur ekki hækkað í þrjú ár. Eins var á það bent að gjaldið verður að teljast mjög hóflegt þrátt fyrir þessa hækkun. Hilmar Sigurðsson taldi það ekki rétt að félagið nýtti sér beitargjöld sem tekjupóst. Ætti það bara að standa undir kostnaði við rekstur girðinganna. Þá km fram að spurning væri hvort félagið ætti að styðja með þessum hætti við atvinnurekstur. Eftir nokkra umræðu var tillagan borin undir atlvæði og var hún samþykkt með 29 atkv. gegn 5.

11. **Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár**

Glaldkeri lagði fram, og útskýrði, fjárhagsáætlun komandi árs. Þeirr spurning varpað fram hvort ekki væri hægt að ná meiri tekjum inn á Faxaborg en nú er.

12. **Önnur mál**

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.

Halldór Sigurðsson tók til máls – taldi hann að áhugavert væri að fleiri lítil og stutt mót væru haldin, bara með einum dómara. Svona mót gætu nánast hver sem er staðið fyrir. Í umræðum kom fram að skemmtinefnd og mótanefnd gætu unnið betur saman. Eins var rætt um að mikið mæddi á mótanefnd meðan á keppnistímabili stæði, bæði við skipulagningu inni -og útimóta.

Guðrún Fjeldsteð ræddi um fyrirkomulag á stíjuleigu á vetrarmótum. Eins viðraði hún þá hugmynd að keyptur yrði slátturóbót sem slegið gæti svæðið innan valla og brekku við Félagsheimili.

Marteinn Valdimarsson hvatti sem flesta notendur Faxaborgar, sem gjaldfrjálsir eru sökum aldurs, til að kaupa amk hálfsárs aðgang að höllinni.

Þá var komið að fundarlokum og gaf fundarstjóri nýkjörnum formanni orðið. Heiða Dís þakkaði traustið og fundarmönnum fyrir komuna og fundarsetuna, Sleit hún svo fundi kl. 21:30.